

Fimmtudaginn 3. maí 1990.

Nr. 176/1990. **Protabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf.**

gegn

Sónum hf.,

Verslunarbanka Íslands hf.,

Ríkisútvarpinu,

Verkstjórafélagi Suðurnesja,

rikissjóði,

Húsnæðisstofnun ríkisins,

Lífeyrissjóði mál- og skipasmiða,

Verkalýðsfélagi Grindavíkur,

Lífeyrissjóði verkafólks í Grindavík,

Heklu hf.,

Lind hf.,

Gjaldheimtu Suðurnesja,

Lífeyrissjóði verslunarmanna,

Kaupfélagi Suðurnesja,

Hífi hf. og

Netagerð Jóns Holbergssonar.

Kærumál. Uppboð. Frávísunarúrskurður staðfestur. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Með kæru 19. mars sl. hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávísunarúrskurði uppboðsréttar Grindavíkur, sem kveðinn var upp 7. s.m. Málið barst Hæstarétti 25. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir uppboðshaldara að leggja efnisúrskurð á málið. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi 22. mars sl. sendi uppboðshaldari varnaraðilum endurrit framkominnar kæru ásamt fylgiskjölum og benti þeim á að senda greinargerð til Hæstaréttar. Enginn þeirra hefur sent Hæstarétti greinargerð.

Varnaraðilar fengu fjárnám og lögtök lögð á eftirstöðvar uppboðsandvirðis. Uppboðshaldari tók kröfur þeirra upp í frumvarp

að úthlutunargerð uppboðsandvirðis mb. Más, GK 55, sem var eign Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., en annað og síðasta uppboð á bátunum fór fram 14. september 1989. Frumvarpið er frá 28. nóvember 1989 og var sent öllum uppboðsaðilum svo og þeim, sem gert höfðu lögtök og fjárnám í uppboðsandvirðinu, og frestur gefinn til athugasemda til 8. desember s.á. Sóknaraðili lagði mótmæli sín fram þann dag. Hraðfrystihús Grindavíkur hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. desember s.á. Uppboðshaldari hafði greitt varnaraðilum andvirði krafna þeirra í samræmi við frumvarpið, áður en settur frestur til andmæla var liðinn og þannig áður en sóknaraðili lagði fram andmæli sín.

Sóknaraðili heldur því fram, að gjaldþrotauðrskurður skiptaráðanda 5. desember 1989 hafi bundið enda á rétt varnaraðila til úthlutunar og/eða greiðslu af uppboðsandvirðinu. Þar sem varnaraðilum hafa þegar verið greiddar kröfur þeirra, þykir það, eins og hér stendur á, eiga undir hið reglulega bæjarþing, vilji sóknaraðili rifta umdeildri úthlutun uppboðshaldara.

Úrskurður uppboðshaldara er því staðfestur að niðurstöðu til. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að niðurstöðu til.
Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður uppboðsréttar Grindavíkur 7. mars 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar af sjálfsdádum 21. febrúar sl. Sóknaraðili er protabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., en varnaraðilar Sónar hf., Verslunarbanks Íslands hf., Ríkisútvarpið, Verkstjórafélag Suðurnesja, ríkissjóður, Húsnæðisstofnun ríkisins, Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík, Hekla hf., Lind hf., Gjaldheimta Suðurnesja, Kaupfélag Suðurnesja, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Hífir hf. og Netagerð Jóns Holbergssonar.

Mb. Már, GK-55, þingl. eign Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., var seldur á nauðungaruppboði 14. september 1989. Frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis var lagt fram 28. nóvember 1989. Jafnframt var settur frestur til að mótmæla frumvarpinu til kl. 13.30 föstudaginn 8. desember 1989. Sóknaraðili lagði fram mótmæli sín þann dag, en bú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. desember 1989.

Mótmæli sóknaraðila beinast að úthlutun eða greiðslu upp í kröfur varnaraðila, sem byggjast á fjárnámum og lögtökum, gerðum í eftirstöðvum uppboðsverðisins. Uppboðshaldari hafði greitt öllum varnaraðilum kröfur þeirra í samræmi við frumvarpið, áður en mótmæli sóknaraðila komu fram. Krefst sóknaraðili þess, að felld verði niður úthlutun til allra varnaraðila.

Í frumvarpi uppboðshaldara segir m.a. svo:

„Eftirtaldir aðilar hafa gert fjárnám eða lögtök í eftirstöðvum uppboðs- andvirðisins og eiga að fá greitt af uppboðsandvirðinu á eftirfarandi hátt:...”

Samanlögð fjárhæð krafna varnaraðila er kr. 10.061.578.

Þeir varnaraðilar, sem mætt hafa í málinu, hafa mótmælt kröfum sóknaraðila. Við síðustu fyrirtöku málsins var ekki mætt af hálfu varnaraðilanna ríkissjóðs, Húsnæðisstofnunar ríkisins, Heklu hf., Hífis hf. og Netagerðar Jóns Holbergssonar.

Allar aðfarargerðir varnaraðila fóru fram, eftir að sala á Má, GK, fór fram á öðru og síðasta nauðungaruppboði. Sóknaraðili hefur eigi mótmælt úthlutun til veðhafa, er áttu veð í Má, GK, er hann var seldur á nauðungaruppboði. Verður að líta svo á, að varnaraðilar hafi leitað fullnustu krafna sinna í kröfu þinglýsts eiganda til úthlutunar uppboðsandvirðis. Hafa þeir því eigi gerst aðilar að uppboði á Má, GK-55. Ágreiningur um fullnustu krafna varnaraðila heyrir ekki undir uppboðshaldara þann, sem úthlutar uppboðsandvirði Má, GK, heldur undir fógeta þann, er aðför gerir kröfu til eftirstöðva uppboðsandvirðis (sic). Þá eru fjármunir þeir, er um er deilt, eigi lengur í vörslu uppboðshaldara. Skv. framansögðu verður að vísa máli þessu frá uppboðsrétti. Varnaraðilar hafa eigi haft uppi kröfur um málskostnað.

Með úrskurði, uppkveðnum 30. janúar 1990, vék hinn reglulegi uppboðshaldari í Grindavík, Jón Eysteinnsson bæjarfógeti, sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 7. febr. 1990, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður til að fara með mál þetta sem setuuppboðshaldari, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá uppboðsrétti Grindavíkur.